

Miðvikudaginn 15. apríl 1931.

Nr. 12/1931. **Réttvísni** (Stefán J. Stefánsson).

gegn

Hilmari Theódór Theódórssyni.

(Guðm. Ólafsson).

Sýknun.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 29. nóvbr. 1930: Hilmar Theódór Theódórsson á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu.

Málskostnaður greiðist af almannafé, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns ákærðs, cand. jur. Óskars Borg, 30 kr.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins 27. sept. 1930 var Wilhelm Jakobsson skipaður tollvörður, með aðalstöð á Ísafirði. Þessu starfi hans er svo nánar lýst í skipunarbréfinu, bæði að því, er tekur til toll-eftirlits hans og til eftirlits hans með því, að áfengislöggjöfin sé haldin. Um síðarnefnda atriðið er þó aðeins getið eftirlits hans með aðflutningi áfengis og með áfengisveitingum í skipum m. ö. o. starfa, sem liggja mjög nærri tollgæzlustarfi hans. Í bréfinu er þess ekki getið, samkvæmt hvaða heimild hann sé skipaður til þessa starfa og með því að bréfið getur þess eigi, að honum sé falið annað eftirlit með áfengislöggjöfinni en það, er nefnt var, þá brestur heimild til að telja, að hann hafi verið að embættisstörfum, er ákærði hafði í frammi við hann ofbeldi það, er getur í máli þessu. Og með því, að ákærði í máli þessu aðeins er sóttur til sakar um brot gegn 12. kap. hegningarlaganna, verður að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Allur kostnaður við áfrýjun málsins greiðist af almannafé, þar með talið

málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Allur kostnaður við áfrýjun málsins greiðist af almannafé, þar með talið málflutningskaup sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Guðmundar Ólafssonar, 80 kr. til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Hilmarí Theódór Theódórssyni sjómanni á Ísafirði fyrir brot á 12. kap. hinna almennu hegningarlaga, sbr. 25 .gr. laga nr. 64, 1930, og eru tildrög málsins upplýst sumpart með eigin játningu ákærðs og sumpart á annan hátt, þau er nú skal greina.

Að kvöldi hins 1. nóv. þ. á. kl. um 8 kom Wilhelm Jakobsson tollvörður og löggæzlumaður hér í bænum inn á kaffihúsið „Sólheimar“. Sátu þrír menn þar við borð og var einn þeirra, Jón Þorleifsson að nafni, ölvaður. Bað löggæzlumaðurinn hann að ganga heim til sín þegar í stað. Kvað Jón Þorleifsson já við því og fylgdist með löggæzlumanninum út af kaffihúsinu, en þegar þeir voru komnir niður í Silfurgötu, nokkurn spöl fyrir neðan búð Björns Guðmundssonar, fór Jón að sýna mótþróa og takast á við löggæzlumanninn, er varð að varpa honum niður. Meðan á þessari viðureign stóð kom ákærður og réðist á löggæzlumanninn, reif hann í andlitið og veitti honum nokkurn áverka neðan til við vínstra auga.

Hefir ákærði skýrt frá, að hann hafi verið einn þeirra þriggja manna, er sátu inni á kaffihúsinu „Sólheimar“ er löggæzlumaðurinn kom þangað, og fór út með Jón Þorleifsson, en ákærður farið nokkrum mínútum síðar út af kaffihúsinu og hlaupið niður Hafnarstræti og niður á Silfurgötu. Ákærður sá þá, að Jón Þorleifsson, félagi hans, lá

þar á götunni og annar maður ofan á honum, er hann hugði að væri löggæzlumaðurinn. Gramdist ákærða þetta og réðist á manninn eins og fyrr greinir.

Dómarinn leit svo á, að Wilhelm Jakobsson, er taldi sig vera löggæzlumann, að hann í raun og veru væri það, með lögregluþjónsvaldi, að mál þetta bæri því að höfða gegn ákærðum fyrir yfirtroðslur á 99. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 101. gr. þeirra og 25. gr. laga nr. 64, 1930, en áður en annað mál, sem nú um sama leyti hefir verið höfðað af valdstjórnarinnar hálfu fyrir yfirtroðslur gegn greindum löggæzlumanni, væri lagt í dóm, taldi dómarinn það skyldu sína, að leggja fram eftirrit af skipunarbréfi Wilhelms Jakobssonar, og fékk því eftirrit af því hjá honum. Í máli þessu hefir talsmaður ákærða krafizt þess, að eftirrit af umræddu skipunarbréfi væri lagt fram og fylgir það málskjölunum. En samkvæmt skipunarbréfinu er Wilhelm Jakobssyni falið að vera tollvörður með aðalstöð á Ísafirði.

Að vísu er það brýnt fyrir Wilhelm Jakobssyni í 2. málsgrein erindisbréfsins að líta eftir því, að áfengislöggjöfin sé haldin sem bezt og í 3. málsgrein, að áfengislöggjöfin og reglugerðir, er þar að lúta, séu nákvæmlega haldnar, en í skýringu erindisbréfsins á skyldustörfum Wilhelms Jakobssonar sést, að þau eru öll tengd við tollvarðarstörf hans. Hvergi er á það minnzt, að Wilhelm Jakobsson hafi á hendi löggæzlu nema í sambandi við tollvarðarstöðu hans.

En til þess að hafa á hendi löggæzlumannsstarf á götum kaupstaðarins og á opinberum veitinga- og samkomustöðum, með sama valdi og hinir skipuðu lögregluþjónar kaupstaðarins, þykir þurfa sérstaka heimild í erindisbréfinu, sbr. 25. gr. laga nr. 64, 1930. Að réttarins áliti hefir ráðuneytið því eigi falið Wilhelm Jakobssyni á hendur önnur störf en þau, er felast í tollgæzlustarfi hans, en engan veginn löggæzlustarf með lögregluþjónsvaldi á götum kaupstaðarins og opinberum stöðum, eins og Wilhelm Jakobsson hefir framkvæmt starf sitt síðan hann kom hingað.

Þykir því Wilhelm Jakobsson hafa starfað utan verksviðs síns í þessu máli, og á því eigi kröfu til frekari lagaverndar en hver annar borgari.

Mál þetta á því eigi að reka af hálfu réttvísinnar og ber að sýkna ákærðan af ákæru réttvísinnar í málinu.

Eftir þessum úrslitum ber að greiða kostnað málsins af almannafé, þar á meðal varnarlaun hins skipaða talsmanns ákærðs, er ákveðast 30 kr.

Það vottast, að enginn ónauðsynlegur dráttur hefir orðið á rekstri málsins.

Föstudaginn 17. apríl 1931.

Nr. 85/1930. **Hannes Jónsson** (Stefán J. Stefánsson)

gegn

hreppsnefnd Stykkishólmshrepps

(Magnús Guðmundsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 10. marz 1930: Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar með stefnu, dags. 26. sept. f. á., samkvæmt áfrýjunarleyfi 4. s. m.

Útsvar það, er ræðir um í máli þessu, var lagt á áfrýjanda í Stykkishólmshreppi í aprílmánuði 1928. Hefir áfrýjandi mótmælt útsvarinu sem ólögætu, telur það hafa verið óheimilt að leggja á sig útsvar til Stykkishólmshrepps það ár af þeirri ástæðu, að hann hafi átt lögheimili í Reykjavík, en ekki í Stykkishólmi, þegar útsvarsálagningin fór fram og manntal var tekið næsta haust áður.

Í þessu efni er það með skjölum málsins og flutningi þess hér fyrir réttinum upplýst, að áfrýjandi var dýralæknir í Vestfirðingafjórðungi með